

Nd.

291. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum gufuskipum.

Flutningsmaður: Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Önnur grein laganna orðist svo:

Sá einn, er öðlazi hefir vélgæzluskirteini, á rétt til að vera undirvélstjóri á íslensku gufuskipi með 300 ha. vél (indiseret) og minni.

Skirteinið öðlast sá einn, er:

- a. hefir staðizt vélgæzlu eða vélstjóráskólann í Reykjavík,
- b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár og verið kyndari í eitt ár eða verið aðstoðarmaður í vél eða vélstjóri með undanþágu í 3 ár og hefir meðmæli smíða þeirra eða vélstjóra, er hann hefir unnið með,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svivirðilegt telst að almenningsáliti.

Stjórnarráðið setur reglugerð, eftir tillögum þar um fróðra manna, hvernig vélgæzlukennslunni skuli háttáð, svo og um vélgæzluprófið og prófskilyrði.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvélstjóri á gufuskipi með meira en 75 ha. vél (indiseret) í eitt ár, á rétt til að vera yfirvélstjóri á gufuskipum með 300 ha. vél og minni. Sama gildir um þá, er hafa verið vélstjórar á gufuskipum með undanþágu, ef þeir hafa próf af vélgæzludeildinni eða vélstjóráskólanum.

3. gr.

1. janúar 1935 falla úr gildi lög nr. 14 15. júní 1926, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Það er óþarfi að hafa langa greinargerð fyrir frumvarpi þessu. Það er fram komið eftir ósk Félags undanþáguvélstjóra og Vélstjórafélags Íslands. Með lögnum 1915 um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum gufuskipum er svo ráð fyrir gert, að stofnuð verði vélgæzludeild við vélstjóráskólann í Reykjavík, þar sem inntökuskilyrði verði minni en til aðalskólans og réttindi auðvitað í samræmi við þá menntun, sem hún veitir. Þessi deild hefir, eins og kunnugt er, aldrei verið stofnuð, en hinsvegar hefir hér risið upp heil stétt manna, sem eru undanþáguvélstjórnarnir. En eftir núgildandi lögum fá menn engin réttindi, þótt þeir sigli um margra ára skeið sem vélstjórar, enda vafasamt, hvort slíkt væri rétt án þess eitthvert bóknám komi til. Hafa því þau 2 félög, sem áður eru nefnd, komið sér saman um að fara þess á leit, að Alþingi veitti fé til stofnunar slíkrar deildar við vélstjóráskólann samkvæmt heimild laga frá 1915, og hefir ósk þess efnis, svo og áætlun um kostnað við slíka deild, verið lögð fyrir fjárveitinganefnd Nd. Alþingis.

En með því að lögin frá 1915 um réttindi þau, er þeir, sem próf tækju af vélgæzludeildinni, eru að ýmsu leyti ekki viðeigandi nú, þá þótti rétt að auka réttindi þessi að nokkru, þar sem skipastól vorum er að ýmsu leyti öðruvísi háttáð en þá var. Með breytingu þeirri, sem hér er farið fram á eftir frv. þessu, er svo ráð fyrir gert, ef hún verður samþykkt, að menn þeir, sem koma út af deildinni, öðlist réttindi sem vélstjórar á allflestum linuveiðagufuskipum, þeim er hér eru nú við land. Ennfremur er breyting sú, sem farið er fram á, að gerð

verði eftir frv. á gildandi lögum, sniðin eftir því, að svo má gera ráð fyrir, að þeir, er sækja deildina, hafi verið vélstjórar um margra ára skeið, og að frumvarpið er samið eftir óskum og samkomulagi undanþáguvélstjóra og Vélstjórafélags Íslands.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 14. jan. 1933.

Samkvæmt beiðni frá hinu háa kennslumálaráðuneyti gef ég hér með yfirlit yfir kostnað þann, er fyrirhuguð vélgæzludeild við Vélstjóraskóla Íslands mun hafa í för með sér. Yfirlit mitt nær yfir allan kostnað að undanskildu húsnæði, sem ég ekki að svo stöddu get ákveðið.

Gagnvart kostnaði vegna húsnæðis skal ég til skýringar geta þess, að starfstími deildarinnar er fyrirhugaður 4 mánuðir.

Stundakennsla	kr. 2400.00
Prófkostnaður	— 150.00
Ræsting	— 150.00
Kol og rafmagn	— 125.00
Húsgögn	— 300.00
Ýms kostnaður	— 375.00

—————
Alls kr. 3500.00

Virðingarfyllst.

M. E. Jessen.

Til kennslumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 1. febr. 1933.

Samkvæmt ósk yðar, herra kennslumálaráðherra, læt ég hér með í ljós álit mitt um fyrirhugaða vélgæzludeild við vélstjóraskóla Íslands.

Ástæðan fyrir því, að ég álit deild þessa nauðsynlega, er fyrst og fremst sú, að menn þeir, sem sækja ætla deildina, hafa að ýmsu leyti nú þegar nokkuð meiri rétt en aðrir til þess að fá próf frá henni, af þeirri ástæðu, að þeir hafa þegar gegnt vélstjórastarfi í mörg ár, vegna þess að menn með réttindum hafa ekki verið til. Þessa menn álit ég því hafa nokkra kröfu til þess að fá að halda áfram starfi sínu, þar sem þeir eru komnir nokkuð inn í verkahring vélstjóra fyrir starfsemi sína.

Ég tel það ákaflega nauðsynlegt, að menn þessir fái menntun nokkra undir framhaldsstarf í þessa átt. Þó að menn þessir hafi að visu verið nothæfir

við starf þetta fram að þessu, þá er því ekki að leyna, að þá skortir ýmsa þá kunnáttu í starfinu, sem ég álit nauðsynlega. Vélar eru alltaf að fullkomnast í skipum vorum, og svo er einnig um ýmislegan útbúnað, að hann er stöðugt að breytast og fullkomnast. Til þess að mál þetta fái viðunanlega lausn, þá álit ég það rétt, að fyrirhuguð deild verði stofnuð. Þar fer það saman, að menn þessir geta fært sér í nyt þann tíma, sem þeir hafa þegar eytt til starfs þessa, og einnig notið þar bóklegar menntunar á tiltölulega ódýran hátt.

Ég legg því eindregið til, að framkvæmdum í þessa átt, þ. e. stofnun deildarinnar, verði flýtt svo mikið, sem auðið er.

Hvað viðkemur kostnaði við deildina, þá mun hann ekki verða meiri en ég hefi tilgreint í bréfi mínu til kennslumálaráðuneytisins, dags. 14. f. m., að undanskildri húsaleigu, sem ætti ekki að vera mjög tilfinnanleg, læt ég þess getið, að vegna þess, að ég álit deild þessa mjög nauðsynlega, þá hefi ég gert mér allt far um, að tilvera hennar verði svo ódýr sem auðið er.

Virðingarfyllst.

(sign) M. E. Jessen.

Til kennslumálaráðuneytisins.